

Nd.

132. Framvarp

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjálþýðendur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjálþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill óðlast þann rjett, sem getur í 1. gr., skal hann hafa sann- að fyrir stjórnarráðinu, að hann hafi næga þekkingu á þeirri tungu, sem hann vill óðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á. Heimilt er stjórn- arráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður óðlast rjett þann, er getur í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalpýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalpýðenda.